

**Ed.**

**64. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

Flutningsmaður: Einar Árnason.

1. gr.

Orðin »og má enginn vera í fleiri nefndum en tveimur« í 2. málsg. 16. gr. laganna falli burt.

2. gr.

34. gr. laganna skal orða svo;

Þingræður allar, bæði ráðherra og þingmanna, skulu fluttar úr sjerstökum þar til gerðum ræðustól.

Ræðumaður skal ávalt víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann ávarpa neinn þingmann með nafni, og kenna skal þingmann við kjördæmi sitt eða kosningu.

3. gr.

35. gr. laganna skal orða svo:

Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn, þótt fleiri flytji, mega við hverja umræðu um mál tala tvisvar, og ekki lengur en eina klukkustund í senn, sbr. þó aðra málsgrein. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn, skal sá, er fyrstur stendur á skjalinu, teljast framsögumaður, nema annar sje tilnefndur. Aðrir mega ekki tala oftar en einu sinni, og ekki lengur en hálf klukkustund. Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæslu þingskapa og til þess að bera af sjer sakir, en eigi skal sú athugasemd taka lengri tíma en fimm mínútur.

Framsögumenn fjárveitinganefnda mega tala þrisvar við fjárlaga-umræðu alt að 2 klukkustundum í senn.

Ráðherrar mega tala svo oft og lengi sem þeim þykir þurfa.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt aðallega sem sparnaðarráðstöfun, og verður gerð nánari grein fyrir því í framsögu.